



Fermingar í Neskirkju 2015

Skráning og val á fermingardögum

Þriðjudaginn 3. júní kl. 10 hefst skráning fermingarbarna í Neskirkju og verður fram haldið kl. 10-16 alla virka daga. Skrá þarf samtímis námskeið og fermingardag.

Sumaránmskeið í ágúst!

Fermingarnámskeið 17. - 21. ágúst 2014
Árlegt sumarnámskeið fermingarbarna hefst með sameiginlegum fundi fermingarbarna og foreldra þeirra eða forsjármanna í Neskirkju sunnudaginn 17. ágúst kl. 20. Kennsla hefst síðan daginn eftir, mánudaginn 18. ágúst kl. 10 og stendur til kl. 16 alla daga fram á fimmtudag. Námskeiðinu lýkur með messu sunnudaginn 24. ágúst kl. 11 en þá ganga fermingarbörnin til altaris í fyrsta sinn í fylgd foreldra/forsjármanna sinna.

Á námskeiðinu munu starfa margir fræðarar með ólíkan bakgrunn og reynslu. Kennt verður í litlum hópum, farið í vettvangsferðir, horft á kvikmynd og fengnar heimsóknir.

Þau börn sem sækja námskeiðið þurfa ekki að ákveða hvort þau ætla að fermast fyrr en að afloknu námskeiðinu og í reynd ekki fyrr en á vori komanda.